

skal nefnd sú skipuð einum manni kosnum af sýslunefndinni, einum kosnum af búnaðarfélögunum og einum kosnum af skólanefndum í Dalasýslu eða á því svæði, sem sýslan tekur nú yfir. Þegar styrkveitingarnefnd ber að kjósa í fyrsta sinni, skal sýslunefnd tilkynna það hlutaðeigendum. Kosning gildir til 3 ára og gengur 1 úr nefndinni árlega, í fyrsta skipti eftir hlutkesti, sem sýslunefndin lætur fram fara.

6. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Ketilsstöðum, 14. des. 1929.

Ásgeir Ásgeirsson,
prófastur í Hvammi.

Helgi Guðmundsson,
hreppstjóri á Ketilsstöðum.

REGLUGERÐ

19
4. apríl

um

skipun slökkviliðs og brunamála í Stokkseyrarkauptúni.

I. KAFLI.

Um skipun brunamálanefndar og verksvið hennar.

1. gr.

Yfirstjórn brunamála í kaupúninu skal falin 3 manna nefnd og eiga sæti í henni oddviti hreppsnefndar, sem er formaður nefndarinnar, slökkviliðsstjóri og einn maður sem hreppsnefndin kys til 3 ára í senn.

Brunamálanefnd skal hafa á hendi, undir umsjón hreppsnefndar eftirlit með, að fyrirmælum laga um brunamál og reglugerðar þessarar sé í einu og öllu framfylgt, nema sérstaklega heyri beinlínis undir verksvið hreppsstjóra eða slökkviliðsstjóra.

II. KAFLI.

Hver slökkvitæki kaupstaðurinn skuli eiga og viðhald þeirra.

2. gr.

Stokkseyrarkauptúni er skylt að eiga í nothæfu ástandi að minnsta kosti þessi slökkvitæki og áhöld:

Véldælu með slöngum og tenglum, brunalúður, áhaldakerru, brunasegl og björgunarsegl auk annara minni áhalda.

Áhöldum öllum skal á kostnað sveitarsjóðs haldið vel við. Skal smyrja vélar og vagna svo oft sem þess er þörf og reyna dælur ekki sjaldnar en einu

- 19** sinni í mánuði. Ef brunamálanefnd þykir ástæða til að auka slökkvitækin eða
 4. apríl endurnýja þau, skal hún senda hreppsnefnd skriflega tillögu þar um. Áður en hreppsnefnd tekur ákvörðun um tillöguna skal leitað umsagnar Brunabótafélags Íslands.

3. gr.

Öll tæki til brunavarna skulu geymd í slökkvistöðinni. Skal þeim haganlega fyrir komið, svo greiður verði gangur að þeim, er á þarf að halda. Lykill að slökkvistöðinni skal vera í vörzlum slökkviliðsstjóra, og svo margra úr slökkviliðinu, sem þurfa þykir. Slökkvistöðinni skal haldið vel við á kostnað sveitarsjóðs. Brunamálanefnd getur ákveðið að geyma 1 lykil í smáskáp með glerloki fyrir, er hangi utan á slökkvistöðinni. Slökkvistöðinni skal haldið vel við á kostnað sveitarsjóðs.

4. gr.

Slökkviliðsstjóri hefir undir umsjón brunamálanefndar eftirlit með slökkvitækjunum, og ber hann ábyrgð á því, að þau séu fyrir hendi, og að þeim sé vel við haldið. Við árslok hver sendir slökkviliðsstjóri brunamálanefnd skrá yfir slökkvitæki þau, sem til eru, og skal þess jafnframt getið hver slökkvitæki hafi verið keypt á árinu og hver hafi gengið úr sér.

III. KAFLI.

Hver slökkvitæki húseigandi skuli útvega sér, og láta fylgja húsi sínu.

5. gr.

Slökkviliðsstjóri skal tryggja slökkviliðinu afnot lausastiga á hæfilega mörgum stöðum víðsvegar í kaптúninu, er eldsvoða ber að höndum.

Hverju timburhúsi, þar sem íbúðarherbergi eru á 2 eða 3 hæðum ofan kjallara, skal fylgja nægilega langur krókstjaki og traustur stigi, er sé svo langur, að hann nái upp í glugga á efsta íbúðarhebergi hússins. Skal stigin og krókstjakinn geymdur á tilteknum stað, er sé aðgengilegur fyrir slökkviliðið.

6. gr.

Brunamálanefnd getur að fengnu samþykki hreppsnefndar látið setja í sérhverju húsi, þar sem óvenjuleg eldhætta er (samkomuhús, kvikmyndahús, smíðastofur þar sem eldfim efni eru), slökkvitæki í sambandi við vatnsveitu hússins. Húseigandi er skyldur til að viðhalda slíkum slökkvitækjum og endurnýja þau, og má ekki nota þau til neins annars en þess að verja eldsvoða eða slökkva eld.

Brunamálanefnd getur skyldað húseigendur, þar sem óvenjuleg brunahætta er, til þess að útvega á eigin kostnað, og hafa á tilteknum stað í húsinu, slökkviahöld af þeirri gerð, er Brunabótafélag Íslands tekur gild. 19 4. apríl

IV. KAFLI.

Skylda borgaranna til þess að gegna slökkviliðsstörfum og skipun slökkviliðs.

7. gr.

Slökkviliðsstjórinn, og í forföllum hans vara-slökkviliðsstjórinn, er yfirmaður og stjórnandi alls slökkviliðsins. Auglýsa skal tvisvar árlega (í marz og september) á stað, þar sem festar eru upp aðrar sveitarstjórnarauglýsingar, hver sé slökkviliðsstjóri, hvar hann býr, og hverjir séu honum næstir yfirmenn í slökkviliðinu. Slökkviliðsstjóri og vara-slökkviliðsstjóri mega aldrei vera báðir burtu úr kaupstaðnum í senn, nema alveg sérstaklega standi á, og þó því aðeins, að þeir tilkynni brottför sína tímanlega, og settur sé slökkviliðsstjóri í þeirra stað á meðan, í samráði við brunamálanefnd.

8. gr.

Allir verkfærir karlmenn 20—60 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í kaupstaðnum, að undanskildum presti, læknum, lyfsala og símastjóra, og þeim mönnum, sem með læknisvottorði sanna, að þeir fyrir heilsubilun sé ekki færir til vinnu, eru skyldir til þjónustu í slökkviliðinu. Mæti svo margir við æfingar eða eldsvoða, að eigi sé þörf fyrir alla, skulu þeir elztu ganga fyrir með hvíld.

9. gr.

Í slökkviliði kauptúnsins skulu að minnsta kosti vera fastráðnir þessir menn: Slökkviliðsstjóri, vara-slökkviliðsstjóri, 16 liðsmenn og 2 brunaboðar.

10. gr.

Hreppsnefnd skipar slökkviliðsstjóra og vara-slökkviliðsstjóra eftir tillögum brunamálanefndar, en brunamálanefnd ræður aðra starfsmenn slökkviliðsins eftir tillögum slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri getur sagt upp liðsmönnum slökkviliðsins án nokkurs fyrirvara, ef hann finnur ástæðu til, og ráðið aðra í þeirra stað til bráðabirgða, en þó skal hann gera brunamálanefnd grein fyrir brottrekstrinum, og ræður hún síðan menn í stað þeirra, sem vikið hefir verið úr liðinu. Allir liðsmenn í slökkviliðinu eru skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra með viku fyrirvara, ef þeir af gildum ástæðum geta ekki gegnt starfi sínu í slökkviliðinu.

Flokksstjórar skulu skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra, ef þeir fara burt úr kaupstaðnum daglangt, og liggur sekt við, ef út af er brugðið.

19

4. apríl

11. gr.

Þeir sem skemma föt sín í þágu slökkviliðsins, eiga rétt á því að fá skemmdirnar endurgoldnar úr sveitarsjóði, eftir mati, nema öðru vísi semj-ist um.

12. gr.

Hreppsnefnd ákveður eftir tillögum brunamálanefndar, hver einkenni slökkviliðið skal bera, þegar það er að starfi sínu.

13. gr.

Slökkviliðsstjóri stjórnar æfingum slökkviliðsins, og ber ábyrgð á, að ávallt séu nógu margir í slökkviliðinu, og það sé vel æft. Þegar eldsvoða ber að höndum ákveður hann, hvernig slökkviliðinu skuli fyrir komið, og allt hvað gera skuli til þess að slökkva eldinn, og varna útbreiðslu hans. Þó má hann ekki rífa niður hús til varnar útbreiðslu elds, nema samþykki lögreglustjóra komi til, eða þess, er fer með umboð hans við eldsvoðann. Ef slökkviliðsstjóri er forfallaður, gengur vara-slökkviliðsstjóri í hans stað, og sé hann heldur ekki viðstaddur, þá hefir yfirstjórn á hendi sá af liðsmönnunum, sem slökkviliðs- stjóri, í samráði við brunamálanefnd, hefir fyrirfram ákveðið til þess.

14. gr.

Sérhver slökkviliðsmaður er, að viðlagðri sekt, skyldur til að mæta til æfinga og til þess að slökkva eld, þegar hann er til þess kallaður, hvar sem er innan lögsagnarumdæmis kaupsins, og hlýða þá í öllum atriðum, öllu því, er yfirmaður hans skipar honum. Enginn má heldur án leyfis yfirmanna, yfirgefa eldsvoða áður en slökkt er, né slökkviliðsæfingu áður en henni er lokið.

15. gr.

Hreppstjóri er yfirmaður lögreglusveitar þeirrar, er viðhalda skal góðri reglu við eldsvoða og slökkviliðsæfingar. Brunamálanefnd kveður í flokk þenna eftir tillögum hreppsstjóra, hæfilega marga menn meðal þeirra, er skyldir eru til þess að vera í slökkviliðinu. Hreppsstjóri ákveður í samráði við slökkviliðs- stjóra skipulag lögreglusveitarinnar og starfssvið hvers einstaks í henni. Skyld er lögreglusveitinni að halda uppi góðri reglu við eldsvoða og æfingar, sjá slökkvi- liðsmönnunum fyrir greiðum gangi að eldinum, og annast um að engir óvið- komandi menn gangi of nærri húsi því, sem brennur, eða flytji þaðan neitt burtu.

Ennfremur sér lögreglusveitin um bjargaða muni, annast brottflutning og aðhjúkrun þeirra, er verða fyrir slysum, vísar burtu eða tekur fasta þá, er sekir verða um brot og kærir þá.

Umferð má banna um götur, þar sem þess þarf með.

V. KAFLI.

19

4. apríl

Um vatnstöku, vatnsburð o. fl.

16. gr.

Heimilt er að taka vatn til þess að slökkva eld og til æfinga úr brunnnum og vatnsbólum hvar sem er. Skytt er sérhverjum húseiganda að leyfa að vatn sé tekið úr vatnshönum í húsi hans til að slökkva eld, og má enginn, sem í húsinu er, leggja tálmanir fyrir, að slökkviliðið hafi greiðan aðgang að vatnshönum í húsinu.

Þegar verið er að slökkva eld, er sérhverjum húseiganda skytt að leyfa slökkviliðinu tálmunarlausan aðgang um lóð sína, en fullt endurgjald komi fyrir skemmdir ef einhverjar verða.

Ef hús brennur, er sérhverjum skytt að lána þau tæki, er hann hefir, til þess að flytja vatn og tæki slökkviliðsins. Ef tæki, sem hefir verið lánað, skemmist eða týnist, skal fullt endurgjald koma fyrir úr sveitarsjóði.

Meðan verið er að slökkva eld eru bæjarbúar, er vatn taka úr sömu vatnsveitu eða brunnnum, skyldir að takmarka vatnsnotkun sína sem mest má verða.

17. gr.

Það er skylda allra, sem viðstaddir eru eldsvoða, hvort sem þeir eru í slökkviliðinu eða ekki, að láta í té alla þá aðstoð, sem þeir geta, ef slökkviliðsstjórinn krefst þess og hlýða í öllu fyrirskipunum slökkviliðsstjóra.

VI. KAFLI.

Um skoðun eldfæra og reykháfa.

18. gr.

Reykháfa alla skal hreinsa tvisvar á ári, þó getur hreppsnefnd eftir tillögum brunamálanefndar ákveðið að hreinsun skuli fara fram oftar, ef sérstakar ástæður eru til. Brunamálanefnd skal eftir fyrirmælum hreppsnefndar, einu sinni á ári hverju, láta skoða eldfæri og reykháfa í öllum húsum kauptúnsins, og líta eftir að þau séu útbúin lögum samkvæmt, og að reykháfar hafi verið nægilega hreinsaðir, svo og að aðgæta hvort þúðurbirgðir, sprengiefni og önnur eldfim og hættuleg efni séu geymd, sem vera ber samkvæmt lögum um brunamál og samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Skoðunarmenn skulu og líta eftir, hvort stigar og krókstjakar eru nothæfir og geymdir þar sem þeir eiga að vera. Á sama hátt skal líta eftir sérstökum slökkvitækjum, ef þau eiga að vera í húsinu. Skoðunarmenn skulu gera skýrslu um skoðunina, er afhendist brunamálanefnd og sendist til Brunabótafélags Íslands, ef óskað er.

- 19 Komi það í ljós við skoðunina, að einhverju sé ábótavant í þessu efni,
 4. apríl skal það tafarlaust bætt, ef hægt er. Ella má veita húseiganda stuttan frest til þess að lagfæra gallana; skal þá að frestinum liðnum ný skoðun fara fram. Komi þá í ljós, við hina síðari skoðun, að enn sé ekki búið að bæta úr því, sem að var fundið, skal tafarlaust kæra hlutaðeiganda fyrir lögreglustjóra, er kemur fram ábyrgð á hendur hinum brotlega og lætur á hans kostnað færa í lag það, er lagfæra þarf.

VII. KAFLI.

Um brunaboðun.

19. gr.

Það er skylda hvers eins, er verður var við eldsvoða, að tilkynna það slökkviliðinu þegar í stað. Næturverðir, ef nokkrir eru, skulu á göngum sínum um kaптúnið hafa sérstakt eftirlit með því, hvort eldur er að kvikna í húsum og tilkynna það þegar í stað slökkviliðsstjóra, brunaboðum og öðrum úr slökkviliðinu, hreppstjóra og símastjóra. Að öðru leyti skal, þar til önnur skipun verður gerð, slökkviliðið kallað saman með því að hefja brunakall um kaupstaðinn, með brunalúðrum.

VIII. KAFLI.

Ýmsar almennar varúðarreglur til að fyrirbyggja eldsvoða.

20. gr.

Á götum, stakkstæðum, torgum eða almannafæri, eða milli húsa, eða í görðum, má ekki setja lausar eldstór eða hlóðir, nema leyfi sé veitt til þess af slökkviliðsstjóra og ákveður hann þá, hvernig eldstæðið skuli búið út og hverra varúðarreglna skuli gætt. Þegar slíkt er leyft, skulu menn alltaf vera við eldinn, meðan logandi er í hlóðunum. Hið sama er og um lýsisbræðslu, tjörugerð og bikgerð og bikun á veiðarfærum. Milli húsa eða úti við, má ekki bera eldsglæður nema í lokuðum málmkössum. Á verzlunarlóðinni má ekki kveikja bál eða halda brennur, nema leyfi hreppstjóra komi til.

21. gr.

Eldivið, steinkol, mó og annað eldsneyti má ekki leggja fyrir utan hús, nema með samþykki brunamálanefndar, og veitir brunamálanefnd aðeins samþykki til þess, að ekki geti stafað af því eldshætta að marki. Mikið af trjám og borðvið má því aðeins hafa fyrir utan hús, að brunamálanefnd leyfi. Ákveður hún um leið og hún veitir leyfið, hversu stór trjástafli megi vera, hve langt bil

skuli vera á milli þeirra, og minnstu fjarlæg frá næsta húsi, sem þó má aldrei vera minni en 6 metrar.

19
4. apríl

Það skal yfirleitt ekki leyft, að hafa viðarstafla hærri en 4 metra og ekki stærri að flatarmáli en 40 fermetra, enda standi þá staflarnir ekki nær hver öðrum en svo, að 2 metra bil sé á milli þeirra, og ekki nær næsta húsi en 6 metra. Birgðir af steinolíu, benzíni, terpentínu eða öðrum eldfimum vökvum, skulu ætíð geymdar í húsum inni, eða í mannheldum girðingum og hvergi nema þar sem hreppsnefnd samþykkir. Þó má ekki geyma birgðir af vökvum þessum, nema í steinhúsum með steinsteypuloftum eða steinsteyptum kjöllum með steinloftum og steingólfum. Um undanþágu frá þessu fer samkvæmt lögum um brunamál. Hafi einhver sett birgðir af slíkum eldfimum vökvum á ber-svæði eða annars staðar, í óleyfi bæjarstjórnar, má hreppsstjóri láta flytja þær burtu á kostnað eiganda.

22. gr.

Þar sem geymdar eru birgðir af steinolíu, terpentínu, benzíni eða áþekktum eldfimum vökvum, skal eftirfarandi varúðarreglum fylgt:

- a. Séu birgðirnar meiri en 800 lítrar af steinolíu eða 175 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má hvorki bera um geymslustaðinn eld eða ljós, enda þótt það sé birgt í ljóskerri, ekki kveikja á eldspýtum né reykja þar tóbak. Þar mega heldur ekki vera eldstór, reykháfar eða hitaleiðslur, sem eldhætta getur stafað af.
- b. Séu birgðirnar ekki meiri en 800 lítrar af steinolíu eða 175 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, og þær geymdar utan húss í gördum eða portum, þar sem ekkert hús er nær en 6 metrar, má því aðeins bera þar um ljós, að það sé í lokuðu ljóskerri, en eld má ekki kveikja þar né bera. Ekki má heldur taka þar ljósvökva úr tunnu eða stærra iláti við ljós, nema ljósið sé í lokuðu ljóskerri og það látið hanga í a. m. k. 2 metra fjarlægð.

Séu slíkar birgðir geymdar innan húss skal gæta sömu varúðar og undir a-lið.

- c. Birgðir allt að 200 lítrum af steinolíu eða 10 lítrum af benzíni eða álíka eldfimum vökvum má geyma í sölu- eða smíðahúsum, en þá skulu þær geymdar á afviknum stað í málmiláti eða lokuðum flöskum. Skal þá gætt sömu varúðar og undir a-lið.
- d. Í húsum eða herbergjum, þar sem farið er um með eld eða ljós, má ekki taka úr iláti neinn ljósvökva með blossamarki undir 40 stiga hita, hundr- aðsmælis (Celsius) (t. d. bensín).
- e. Þar sem ljósvökvi er geymdur, hvort heldur úti eða inni, í sölustöðum eða smíðahúsum, skal gætt allrar varúðar. Fari ljósvökvi niður á gólf í húsi, skal hann þerraður upp þegar í stað, svo vel sem hægt er. Í húsinu má ekki geyma eldfima hluti nálægt ljósvökvum, nema yfir þeim sé höfð ábreiða, sem ekki er eldfim. Þar sem geymdir eru meira en 200 lítrar af steinolíu eða 40 lítrar af benzíni eða álíka eldfimum vökvum, má engin vinna fara

19

4. apríl

fram, nema undir eftirliti fullorðins manns, er þar sé ávallt staddur. Ella skal geymslustaðnum lokað, svo óviðkomandi komist þar ekki inn.

- f. Benzingeyma má hvergi setja upp meðfram götum kaupsins nema samkvæmt fyrirlagi hreppstjórnar, að fengnum tillögum brunamálanefndar. Hvergi má setja þá nær steinhúsum en 15 metra og ekki nær timburhúsum en 25 metra, og skal frágangur allur vera svo rammbbyggilegur, að sem minnst eldhætta stafi af. Tóbaksreykingar mega ekki fara fram í nánd við geymana. — Tæmdar benzintunnur skal jafnharðan flytja burtu.
- g. Landflutningur á benzíni og olíu í stærri stíl, svo og fylling benzín- og olíugeyma, má ekki fara fram, nema undir eftirliti, sem framkvæmt er eftir fyrirmælum brunamálanefndar, og skal það kostað af eiganda eða farmsmóttakanda.
- h. Í hverjum geymslustað skal prentað eintak af reglum þessum hanga á vegg, þar sem það er auðvelt til aflestrar.

23. gr.

Í smíðahúsum handiðnarmanna, sem fást við trésmíði, skal gæta þessara varúðarreglna:

- a. Eld má ekki fara með, nema í eldstæðinu eða ofninum og tóbaksreykingar skulu bannaðar. Fyrir framan hverja ofnhurð skal vera kassi úr málm, er sé að minnsta kosti 50 cm. á hæð, og sé hann þannig áfastur ofninum, að allar glæður og eldur úr honum detti í kassann.
- b. Þegar límpotturinn er tekinn af eldstæðinu, skal setja hann á málmplötu, er nái a. m. k. 8 cm. út fyrir pottinn á alla vegu. Brún málmplötunnar skal beygð upp á við.
- c. Þar sem ekki er rafmagnsljós má eingöngu nota steinolíuveggglampa eða lokað ljósker, en hvorki borðlampa eða kertaljós.
- d. Ekki má fleygja eldspítu á gólfið, þegar kveikt hefir verið á henni, heldur skal fleygja henni í ofninn eða leggja hana á málmplötu eða annan stað, þar sem víska er fyrir, að hún geti ekki kveikt eld frá sér.
- e. Tréspænir, hey eða aðrir slíkir eldfimrir hlutir, mega ekki liggja dreifðir um smíðahúsgólfið, dag frá degi. Á hverjum degi, að endaðri vinnu, skal þeim sópað saman og þeir bornir úr smíðahúsinu, eða þeim komið fyrir á sérstökum stað í smíðahúsinu, sem ætlaður er fyrir þá. Miklar birgðir af tréspónum skal geyma í lokuðum klefa, þar sem engin sérstök eldhætta getur stafað af.
- f. Miklar birgðir af trésmíðaeefni megi ekki liggja í göngum eða stigum, og heldur ekki utan við smíðahúsið, nema sérstakt leyfi brunamálanefndar komi til. Handiðnarmenn, sem fást við trésmíði og járnsmíði mega ekki geyma meira viðarsmíðaeefni í járn- eða trésmíðju sinni, en þarf til þess að vinnan verði innt af hendi viðstöðu- og tafarlaust.
- g. Þegar vinunni er lokið að kveldi, og áður en smíðirnir fara úr smíða-

húsinu, skal slökkva allan eld og ljós og loka húsinu, svo að óviðkomandi menn komist ekki í það.

- h. Í sérhverju smiðahúsi, þar sem vatnsveita er, skal vera sérstakur vatnskranir með viðfestri slöngu, ella skal vera þar slökkvitæki með slökkvívökva, af þeirri gerð, er Brunabótafélag Íslands tekur gilda. Brunamálanefnd getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum fyrir verkstæði, þar sem vinna að jafnaði aðeins 1—2 menn.
- i. Í sérhverju smiðahúsi skal vera prentað eintak af reglum þessum fest á vegg, þar sem auðvelt er að lesa það. Forstöðumaður smiðahússins skal sjá um, að reglum þessum sé hlýtt, og hinnar mestu varúðar sé að öllu leyti gætt, í meðferð á eldi og ljósi.

IX. KAFLI.

Um slökkviliðið.

24. gr.

Fastir starfsmenn slökkviliðsins (sbr. 9. gr.) skulu skipa þessa flokka:

1. Björgunarflokkur	4 liðsmenn.
2. Húsrífsflokkur	2 —
3. Vatnsslönguflokkur	4 —
4. Dæluflokkur	4 —
5. Vatnsburðarflokkur	2 —
6. Brunaboðar	2 —

Slökkviliðsstjóri skipar flokksstjóra fyrir flokkana. Hann skal og árlega semja skrá yfir alla, sem skyldir eru að mæta samkvæmt 8. gr., og skal hverjum einum tilkynnt í hvaða flokki hann skuli vera.

Að lokinni æfingu eða eldsvoða skal merkja í skránni, við alla þá, sem hafa mætt.

25. gr.

- a. Fjórum ákveðnum mönnum úr björgunarflokknum er skylt að mæta, þá er eldsvoða ber að höndum, á brunastaðnum, svo fljótt sem unnt er. Hinir sjá um flutning stiga og annara björgunartækja á brunastaðinn. Fyrsta verk björgunarflokksins skal vera, að bjarga fólki, þá lifandi skepnum, og síðan öllum dauðum munum, hverju nafni sem nefnast undantekningarlaust. Allt, sem hann bjargar, skal fara vel með og koma því á svo óhultan stað sem unnt er. Enga björgun má hann framkvæma, að undanskildu fólki og skepnum, nema eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra eða annars, sem gengur í hans stað. Slökkviliðsstjóri skipar einn úr flokki þessum sem flokksstjóra, sem hann getur sérstaklega snúið sér til með skipanir sínar, sem og til hinna annara flokksstjóra, er skipaðir kunna að verða.

19
4. apríl

- b. Húsrífsflokkur skal hafa á hendi að rífa það, sem þurfa þykir, eftir skipun slökkviliðsstjóra. Skal hann ávallt vera með sin ákveðnu verkfæri á brunastaðnum, og aðstoða björgunarflokkinn eftir fyrirmælum slökkviliðsstjóra.
- c. Vatnsslönguflokkur skal sjá um, að allar slöngur og vatnsgeymar komi á brunastaðinn jafnframt dælunum, og skal hann koma slöngunum svo fyrir, að þægilegt sé að drepa eldinn. Síðan skal flokkurinn starfa sem bunnstjórar eftir fyrirskipunum yfirmanna.
- d. Dæluflokkur skal mæta við slökkvistöðina svo fljótt sem unnt er, þegar eldsvoða ber að höndum, og hafa dælurnar í góðu standi, flytja þær þangað sem slökkviliðsstjóri skipar fyrir, setja véldælurnar í gang og láta þær dæla, og knýja handdælu verði hún notuð. Einnig skulu þeir aðstoða vatnsslönguflokkinn við samsetningu slanganna.
- e. Brunaboðar skulu, þá er eldsvoða verður vart, gera slökkviliðinu aðvart með því að blása í lúðra, eða á annan hátt, sem fyrirskipað er af brunamálanenfd. Sé það að næturþeli, skulu þeir blása í lúður við hús hvers liðsmanns, þar til hann verður var við þá, og skal liðsmaður þegar gefa þeim merki um, að hann hafi orðið þeirra var. Ekki mega þeir tala við nokkurn mann, nema segja götu- og hústölu, þar sem eldurinn er. Skulu þeir að afloknu brunakalli, skyldir til að mæta á brunastaðnum, og vinna þar það, sem slökkviliðsstjóri leggur fyrir þá. Loks skulu þeir skyldir til að tilkynna slökkviliðsæfingar eftir fyrirskipun slökkviliðsstjóra.
- f. Vatnsburðar flokkur skal ákveðinn af slökkviliðsstjóra í samráði við brunamálanefnd. Fyrirliðar flokksins geta skipað hverjum sem er, úr flokksnum, að aðstoða sig eftir þörfum, með flutning á vatnsfötum til og frá slökkvistöðinni, að viðlögðum sektum, sbr. 28. gr.

26. gr.

Árlega skal halda minnst 3 æfingar og er liðsmönnum öllum (sbr. 9. gr.) skylt að mæta þar eins og við eldsvoða, sömuleiðis þeim mönnum öðrum úr skylduliðinu, sbr. 8. gr., er slökkviliðsstjóri gerir aðvart. Slökkviliðsstjóri ákveður hvenær æfingar skuli haldnar, en gæta skal um það hagræðis liðsmanna og skylduliðs. Skal halda skýrslu um æfingar og senda hana í byrjun hvers árs til Brunabótafélags Íslands til athugunar.

27. gr.

Allir liðsmenn skulu, þegar þeir eru að verki, forðast allan óþarfa hávaða eða tal, og gera sér far um að taka öllu með gætni og stillingu, og vera skjóttir og liðugir að framkvæma skipanir yfirmanna sinna.

28. gr.

Allir liðsmenn skulu ef þeir verða varir við, að óvarlega er farið með eld, eða á annan hátt brotið á móti brunareglugerð kaupstaðarins, vanda um við

þá, sem gera sig seka í því, og ef þeir hlýða ekki aðvörun þeirra, gera slökkviliðsstjóra aðvart svo fljótt sem unnt er.

19
4. apríl

29. gr.

Allir liðsmenn eru skyldir til þess að mæta á slökkvistöðinni, að undanskildum nokkrum hluta björgunarliðsins (sbr. 25. gr.), nema þeir séu þess fullvissir, að öll áhöld séu komin á brunastaðinn, og ber þeim öllum skylda til að sjá um, að þau komist á brunastaðinn í nothæfu ástandi. Enginn má fara af brunastaðnum, nema með leyfi slökkviliðsstjóra. Enginn forföll eru tekin gild önnur en veikindi, eða fjarvera úr lögsagnarumdæminu.

X. KAFLI.

Sektarákvæði o. fl.

30. gr.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara sem opinber lögreglumál, og greiði hinn seki allt að 100 kr. sekt fyrir afbrot sitt, er renni í sveitarsjóð.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 85, 22. nóvember 1907, til þess að öðlast gildi 1. maí 1932 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgönumálaráðuneytið, 4.apríl 1932.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.